



4. mars 2024

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 691. mál á 154. löggjafarþingi

*Meðferð sakamála, meðferð einkamála, gjaldþrotaskipti o.fl.
(miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæra o.fl.)*

Drög að ofangreindu frumvarpi voru birt í samráðsgátt í nóvember síðastliðnum. Hagsmunasamtök heimilanna veittu umsögn um þau þar sem sjónum var beint að birtingum innheimtuaðila á stefnum til innheimtu peningakrafna. Birting tilkynningar á borð við stefnu hefur í för með sér réttaráhrif sem geta orðið mjög þyngjandi og er því afar mikilvægt að tryggja að slík birting geti ekki farið fram hjá þeim sem á að birta fyrir svo hann verði ekki fyrir réttarspjöllum. Þess vegna gerðu samtökin þá kröfu að stafræn málsmeðferð á grundvelli birtingar stefnu í stafrænu pósthólfi skyldi vera háð því skilyrði að réttur viðtakandi stefnu hefði í það minnsta staðfest móttöku hennar með sama hætti.

Við vinnslu frumvarpsins í kjölfarið virðist hafa verið tekið mið af sambærilegum sjónarmiðum hvað varðar birtingu ákæru í sakamáli. Þannig er nú lagt til í 32. gr. frumvarpsins að ákæra teljist aðeins réttilega birt í stafrænu pósthólfi þegar ákærði hefur staðfest móttöku hennar. Þetta er til þess fallið að tryggja réttaröryggi einstaklinga sem er afar mikilvægt að sé í hávegum haft. Aftur á móti kemur fram í kafla 5.3 í greinargerð með frumvarpinu að birtingar á stefnum hafi ekki verið til umfjöllunar við undirbúning þess og einkaaðilar hafi enn sem komið er ekki aðgang að hinu stafræna pósthólfi. Það útiloki þó ekki að breyttur birtingarháttur stefna komi til athugunar síðar.

Hagsmunasamtök heimilanna benda af þessu tilefni á að með reglugerð nr. 131/2023 var aðilum sem stunda löginneimtu gert kleift að fá heimild til að birta tilkynningar á borð við greiðsluáskoranir og stefnur í stafrænu pósthólfi án þess að réttaráhrif slíkrar birtingar væru háð því skilyrði að viðtakandi staðfesti móttöku. Samtökin ítreka því þá kröfu sína að einkaaðilum verði ekki veittur aðgangur að hinu stafræna pósthólfi til að birta stefnur og sambærilegar tilkynningar, fyrr en fyrst hafi verið tryggt að slík birting teljist aðeins lögmæt þegar viðtakandi hefur staðfest móttöku skjalsins. Til dæmis með því að bæta við hlutaðeigandi lög ákvæðum sambærilegum þeim sem í 32. gr. frumvarpsins er lagt til að bætist við lög um meðferð sakamála, varðandi birtingu í stafrænu pósthólfi.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is